



# BRÚIN

Félag Íslendinga í  
Luxembourg

8. tbl. 2005, - 15. árg.

Desember 2005

## Guðspjónustan 18. desember

Jólaguðspjónusta FÍL sem haldin var 18. desember var mjög hátíðleg og falleg.

Séra Sigurður Arnarson predikaði og íhugaði gildi jólnanna í huga hvers og eins.

Kórinn söng við

undirleik organistans Hermanns Reynissonar. Áberandi var hvað gestum fannst mikið hátíðlegra að heyra lifandi tónlist, bæði í kór og orgeli.

Áður auglýstur sunnudagaskóli fyrir börnin féll niður vegna forfalla

Ragnhildar Eyjólfsdóttur. Börnin voru stillt og prúð alla guðspjónustuna og voru til fyrirmyndar.

Kirkjunefnd þakkar öllum þeim sem hjálpuðu til við þessa hátíðlegu guðspjónustu.



### Í þessu blaði:

Guðspjónusta	1
Jólaball	1
Þorrablót	1
Íslenskuskólinn	2
Unnur Birna Ungfrú Heimur	2
Huggulegt sjónvarpskvöld	2
Gáta	2
The New World ThFrá	2
Ráðagóðahornið	3
Heimilishornið	3
Hverjum á maður að giftast?	3
Hvað eiga foreldrar þínir sameiginleg?	3
Falleg tilhugsun	3
Á hvaða aldri er best ...	3
Lausn gátu	4
Litlu dálkarnir	4

## Jólaball FÍL 18. desember

Jólaball FÍL var haldið beint í framhaldi af guðspjónustunni, sunnudaginn 18. desember.

Fjöldi manns kom á ballið, talið er að allt að 260 manns hafi komið. Hljómsveit, skipuð þeim Agnari Sigurvinsyni, Hermanni Reynissyni og Alex Wecker, spilaði íslensk jónalög undir söng Elísabetar Önnu Finnbogadóttur.

Jólasveinarnir tveir vöktu lukku hjá börnunum og að sjálfsgöðu voru þeir með nammipoka í stóra strigapokanum á bakinu.

Gaman var að sjá hversu margir foreldrar og börn tóku þátt í dansinum í kringum jólatréð.

Allir komu með kökur eða meðlæti með sér og sjaldan hefur sést annað eins hlaðborð af góðgæti.

Bryddað var upp á nýjungum í tengslum við jólaballið, því leyfð var sala á ýmiskonar varningi með fyrirfram gerðu samkomulagi.

Bazarinn seldi íslenskt sælgæti.

Sigrún H. Rosenberg var með fallega uppstillta

myndlistarsýningu á vatnslitamyndum sínum, litlum og stórum. Sjá nánar á bls. 4.

Að tilstuðlan Írisar Þorkelsdóttur komu svo tveir herrafrá Þýskalandi með íslenskan fisk og íslensk lambalæri sem féllu auðvitað í góðan jarðveg.

Að lokinni hátíðlegri guðspjónustu og skemmtilegu jólaballi fóru vonandi allir sælir heim.

Börnin með sælgæti í poka og þeir fullorðnu með lambalæri og/eða fisk í soðið, eftir allar



kökurnar á hlaðborðinu góða.

Stjórnin þakkar kærlega öllum þeim sem hjálpuðu til við að gera góða hluti betri, aðstoð ykkar er ómetanleg.

Stjórnin

## Þorrablót FÍL verður 11. febrúar 2006

Þorrablót FÍL verður haldið 11. febrúar 2006 á sama stað og jólaballið var haldið þ.e. í Centre Polyvant í Junglinster. Nú hafa flestir séð salinn og vonandi verið ánægðir með hann. Salurinn var notaður að 2/3 á jólaballinu, þannig að 1/3 er eftir og stækkar sem því nemur, þegar að þorrablót kemur.

Þarna er til staðar flest

það sem þarf til að halda góða veislu.

Undirbúningur þorrablótsins er nú þegar hafinn.

Hljómsveitin "Á móti só!" kemur til að spila fyrir dansi.

Spuni byrjaði í haust að safna efni í sinn árlega leikþátt og æfingar eru fyrirhugaðar strax í byrjun janúar. Þeir sem vilja vera með er bent á

stjórn Spuna, sjá bls. 4.

Stjórn FÍL

Fyrirhugað leiguflyg frá Íslandi til Frankfurt Hahn með Iceland Express vegna þorrablótsins og aftur til baka er mjög spennandi fyrir bæði okkur Lúxara hér og þá sem vilja heimsækja okkur. Flogið verður frá Íslandi á föstudagsmorgni um 9 leytið og til baka á sunnudeginum um

3 leytið. Þetta getur tekið breytingum og verður nánar auglýst síðar, svo og verð þá uppgöfin.

Áhugasamir hafi samband við Matthildi Kristjánsdóttur í síma 021 142 060 eða senda e-mail á [matthildurk@icelandexpress.com](mailto:matthildurk@icelandexpress.com).



### Á döfnni:

- Íslenskuskólinn
- Þorrablót FÍL 11. febr. 2006

## Íslenskuskólinn

Frá fyrra ári, breytti stjórn FÍL tíma íslenskukennslunnar sem hófst 20. október til að koma til móts við nemendur annarra skóla en Luxembourgísku skólana.

Kennt var á fimmtudögum frá 16:00 til 17:30., eins og áður í Verainsbau í Godbrange.

Eftir áramót verður skoðað hvernig til hefur tekist. Jafnvel verður skoðanakönnun á netsíðu félagsins, [www.islandus.net](http://www.islandus.net), þar sem spurt verður um vilja foreldra varðandi kennslutíma íslenskuskólans. Skólinn mun byrja aftur í febrúar.

*Stjórnin*

## Unnur Birna

Unnur Birna Vilhjámsdóttir, fegurðardrottning Íslands, var nýverið kjörin ungrú Heimur. Keppnin fór fram í borginni Sanya í Kína. Í öðru sæti varð ungrú Mexíkó og ungrú Puerto Rico varð í því þriðja. Unnur Birna er þriðja íslenska stúlkan sem hlýtur þennan titil, en Hólmfríður Karlsdóttir vann árið 1985 og Linda Pétursdóttir árið 1989. Rúmlega 100 stúlkur voru upphaflega skráðar til þátttöku í keppninni. Áður vann Guðrún Bjarnadóttir titilinn Miss Universe árið 1963. Til hamingju Unnur Birna.

## Gáta Lausn á bls. 4

Hvað gefur matnum besta bragðið?

## Huggulegt sjónvarpskvöld

Mamma og pabbi sátu við sjónvarpið. Mamma segir: "Ég er þreytt, og klukkan orðin margt. Ég ætla að fara upp í rúm." Hún fór inn í eldhús og útbjó nesti fyrir börnin, tæmdi poppkornskálina, tók kjöt úr frysti fyrir næsta dag, gáði hvað væri eftir af kornfleksinu í pakkanum, fyllti á sykarkarið, setti sykur og skeiðar á borðið og gerði kaffikönnuna tilbúna. Svo setti hún nokkur föt í þurrkarann, setti þvottavélina af stað, straujaði eina skyrtu og festi eina tölu. Hún tók saman dagblöðin sem lágu á gólfinu.

Hún safnaði saman nokkrum leikföngum sem lágu á borðinu, og setti símaskrána niður í skúffu, svo vökvaði hún blómin, tók úr uppþvottavélinni og hengdi eitt handklæði upp svo það myndi þorna. Hún stoppaði við skrifborðið og skrifaði miða fyrir skólann, setti peninga á borðið fyrir börnin og tók upp eina bók sem lá undir stól. Hún skrifaði eitt afmælskort til

vinkonu sinnar og setti frímerki á það. Svo skrifaði hún minnismiða og lagði við hliðina á dagbókinni sinni. Svo fór hún að þvo sér, setti á sig næturkrem, burstaði tennurnar og greiddi sér.

Pabbinn hrópaði úr stofunni; "ég hélt að þú værir að fara að sofa?" "Já," sagði hún og hellti vatni í hundadallinn, og setti köttinn út. Gekk úr skugga um að dyrnar væru læstar.

Loks kíkti hún á börnin og talaði við eitt þeirra sem enn var að læra. Í svefnherbergi sínu stillti hún vekjaraklukkuna, tók til fót fyrir morgundaginn, tók rúmteppið af rúminu. Enn skrifaði hún 3 atriði á minnismiðann.

Á sama tíma slökkti pabbinn á sjónvarpinu og sagði við sjálfan sig; "nú fer ég að sofa" – og það gerði hann.

*(Viðförlu netfanginn)*

**Gleðileg jól með kærri þökk fyrir samstarfið á árinu.**

*Stjórnin*

## The New World Theatre Club in Luxembourg

NWTC has been successfully staging plays in English for 35 years. From comedy to dramas, Shakespeare to Tennessee Williams, NWTC welcomes amateur actors, directors and production crew from all nationalities. New productions ideas are encouraged and volunteers are always needed, regardless of experience.

NWTC also sponsors the annual Munsbach Summer Theatre School, where students from all over Europe spend nine days "trying out" skills such as acting, directing, movements and voice in a supportive atmosphere with theatre and voice professionals.

In addition to local productions NWTC participates in FEATS, the Festival of European Anglophone Theatrical Societies, where amateur theatre groups in

mainland Europe compete during four evenings of firstclass entertainment consisting of three one-act plays per evening.

NWTC also sponsor a School Readings Programme, interacting with Luxembourg students and teachers at various lycées.

NWTC provides its members valuable links to other theatrical events, openings and related workshops. NWTC publishes a monthly newsletter and our web site is constantly updated, so check out more information at [www.nwtc.lu](http://www.nwtc.lu)

Upcoming NWTC events include: June 2-5, 2006: The Festival of European Anglophone Theatre Societies (FEATS) 2006 will be held at the Centre des Arts Pluriels in Ettelbruck. FEATS is a four-day performance competition

among English-speaking theatrical groups from all over Europe. One price per evening will include first-rate performances of three one-act plays starting at 7 p.m.. A bar and food will be available between shows.

For tickets, for more information or to volunteer your help for the festival, write to [info@feats2006.org](mailto:info@feats2006.org) or visit [www.feats2006.org](http://www.feats2006.org).

Summer Theatre School Clairefontaine 2006.

Juli 22nd-30th. Students of all ages and experience learn skills such as acting, directing, movement and voice in a supportive atmosphere with theatre and voice professionals from the UK. For more information; [www.parker.lu/munsbach](http://www.parker.lu/munsbach).

## Frá ritstýru

Kæru lesendur.

Jólaþykkt er nú í öllum húsum, jólakort, jólagjafir og jóla-jóla allt, allir á fullu og vonandi allir í sínu besta jólaþykkt.

Jólaballið var stórskemmtilegt, allir komu með góðgæti og íslenskar hefðir, kleinur, pönnukökur, smákökur og allskonar meðlæti og gaman að sjá alla dansa með mikilli gleði í kringum jólatréð.

(Jóla)vefísíðan okkar má samt ekki gleymast, kíkið á [www.islandus.net](http://www.islandus.net) reglulega til að missa ekki af nýjustu fréttum okkar hér í Luxembourg og nágretta okkar í Evrópu.

Ráðgert verður áfram að Brúin komi út í kringum 20. hvers mánaðar.

Kærar þakkir til þeirra sem senda inn efni til birtingar í Brúnni.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár til allra.

*Ritstýra*



**Þorablót félagsins verður haldið laugardaginn 1. febrúar 2006**

**Takið daginn frá**



## Ráðagóðahornið

### Óvænt notagildi

**Tómatsósa** Til að þrifa koparfleti geturðu makið vel á þá tómatsósu og látið standa í 5 mín.. Skolaðu með heitu vatni.

**Ísmoli** Eftir að hafa fært húsgögn úr stað kemur í ljós dæld í teppið. Leyfðu ísmola að bráðna í dældinni og hún ætti að hverfa.

**Edik** Angar eldhúsið af skemmdum mat (til dæmis fiski)? Opnaðu flösku af ljósu ediki og láttu standa á eldhúsborðinu í nokkra tíma. Lyktin hverfur fyrir fullt og allt.

*FB. 2. maí 2005*

## Heimilshornið

### Hvítlaukskartöflur

Þennan rétt er einfalt að gera auk þess sem góður ilmur berst um eldhúsið meðan á eldun stendur.

5 stórar kartöflur, skera í fernt, svo í sneiðar  
1 stk laukur, afhýða, skera í sneiðar  
2 msk ólífúolía  
1 ½ tsk hvítlauksalt  
½ tsk nýmalaður pipar

Setjið allt í plastpoka og hrista vel saman. Smyrja eldfast fat með olíu og raða krydduðum kartöflunum þar í. Baka í ofni við 180 – 200 gr. C í 45 mínútur en hræra í eftir 30 mínútur. Þennan rétt má setja í álform og grilla á útigrilli. Passa bara að hræra í svo að kartöflurnar brenni ekki.

## Hverjum á maður að giftast?

Maður verður að finna einhvern sem hefur gaman af því saman og maður sjálfur. Ef maður til dæmis hefur gaman af íþróttum verður hún að hafa gaman af því að þú hafir gaman af þeim og sjá um snakkið og idýfuna.

*Árni, 10 ára.*

## Hvað eiga foreldrar þínar sameiginlegt?

Bæði vilja ekki eignast fleiri börn.

*Lára, 8 ára*

## Falleg tilhugsun

Síðasta dag fyrir jólflytti ég mér í stórmarkaðinn til að kaupa gjafirnar sem ég komst ekki yfir að kaupa fyrr.

Þegar ég sá allt fólkið þar, byrjaði ég að kvarta í hljóði "Þetta á eftir að taka heila eilífð og ég á enn eftir að fara á svo marga staði."

Jólin eru alltaf að verða meira og meira pirrandi með hverju árinu. Ég vildi að ég gæti bara lagst niður og farið að sofa og vaknað svo eftir jólin.

Allavegana, ég kom mér í leikfangadeildina og þar fór ég að skoða verðin, hugsandi hvort að börn leiki sér eitthvað með svona dýr leikföng. Eftir smátíma af leikfangaskoðun þá tók ég eftir litlum strák um 5 ára, sem hélt á dúkkuna upp við brjóstið sitt.

Hann strauk hárið á dúkkunni og virtist svo sorgmæddur. Svo snéri litli strákurinn sér að eldri konu sem var við hliðina á honum "amma, ertu viss um að ég hafi ekki nógu mikla peninga?" Gamla konan svaraði; "þú veist að þú átt ekki nóg til að kaupa dúkkuna elskan mín." Svo bað hún hann um að biða í 5 mínútur eftir sér á meðan hún skoðaði sig um. Hún fór fljótlega. Litli strákurinn hélt ennþá á dúkkunni í hendinni. Ég labbaði til hans og spurði hann hverjum hann ætlaði að gefa dúkkuna. "Þetta er dúkkan sem systir mín elskaði mest og langaði svo mikið í fyrir jólin. Hún var svo viss um að jólasveinninn myndi gefa sér hana.

Ég sagði honum að kannski eigi jólasveinninn eftir að koma með dúkkuna til hennar og að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur. En hann sagði við mig sorgmæddur. "Nei jólasveinninn getur ekki gefið henni dúkkuna þar sem hún er núna. Ég verð að gefa mömmu dúkkuna svo að hún

geti gefið henni hana þegar hún fer þangað."

Augun hans voru svo sorgmædd meðan hann sagði þetta. "Systir mín er farin til þess að vera með Guði. Pabbi segir að mamma sé líka að fara til Guðs mjög fljótlega, og ég hélt að hún gæti farið með dúkkuna fyrir mig og gefið systur minni hana."

Hjartað mitt stoppaði næstum því. Litli strákurinn leit upp til mín og sagði; "Ég sagði pabba að segja mömmu að fara ekki alveg strax. Ég bað hann um að biða þangað til að ég kæmi heim úr búðinni." Svo sýndi hann mér fallega mynd af honum þar sem hann var hlægjandi. "Ég vil líka að mamma taki þessa mynd með sér svo að hún gleymi mér aldrei."

"Ég elska mömmu mína og ég vildi óska að hún þyrfti ekki að fara, en pabbi segir að hún verði að fara til að vera hjá litlu systur minni."

Svo leit hann aftur á dúkkuna með sorgmæddum augum, mjög hljóðlátur.

Ég teygði mig hljóðlega í veskið mitt og tók smá pening upp og sagði við strákinn "en ef við athugum aftur í vasann til að tékka hvort að þú eigir nógan pening?" Allt í lagi sagði strákurinn "ég vona að ég eigi nóg."

Ég bætti smá af mínum peningum við án þess að hann tæki eftir því og það var meira að segja smá afgangur.

Litli strákurinn sagði; "Takk Guð fyrir að gefa mér nógan pening. Svo leit hann á mig og sagði; "Í gær áður en ég fór að sofa þá bað ég Guð um að vera viss um að ég hafi nógan pening til þess að geta keypt dúkkuna handa systur minni. Hann heyrði til mín."

Mig langaði líka að eiga nógan pening til að kaupa hvíta rós handa mömmu, en ég þorði ekki að biðja Guð um of mikið, en hann gaf mér nóg til að kaupa rósina líka". Sko mamma

elskar hvíta rós."

Nokkrum mínútum seinna kom gamla konan og sótti strákinn. Ég kláraði að versla með allt öðru hugarfari, ég gat ekki hætt að hugsa um litla strákinn.

Svo mundi ég eftir frétt í blaðinu fyrir 2 dögum síðan; "Maður keyrði drukkinn og klessti á bíl þar sem ung kona og litil stelpa voru í. Litla stelpan dó samstundis en mamman var í dáí." Fjölskyldan varð að ákveða hvort að það ætti að setja hana í öndunarvél eða ekki, af því að hún unga konan myndi ekki vakna úr dáinu.

Var þetta fjölskylda litla stráksins?

Tveim dögum eftir að ég hitti litla strákinn, las ég í blaðinu að unga konan hafi dáíð. Ég gat ekki hamið mig og fór út í blómabúð og keypti búnt af hvítum rósnum og fór upp í líkhús þar sem fólk gat séð konuna og óskað sér í seinasta skipti áður en hún væri jörðuð.

Hún var þarna í kjól, haldandi á fallettri hvítri rós með myndinni af litla stráknum og dúkkuna á brjóstinu.

Ég fór grátandi og fannst líf mitt hafa breyst til eilífðar. Ástin sem þessi litli strákur hafði til mömmu sinnar og systur, er enn þann dag í dag, erfitt að ímynda sér.

Og í einni svipan tekur drukkinn maður þetta allt frá honum.

Eigum við öll að taka þessa litlu sögu til okkar eða láta sem hún hafi ekki snert hjarta okkar?

Gleðileg jól !

*(Viðförli netfanginn, með breytingum ristýru)*



## Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg  
12 enner der Haerdchen  
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:  
Guðbjörg Steinarrsdóttir, Ritstýra  
Matthildur Kristjánsdóttir, Ábyrgðarmaður  
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000  
Gjaldlagi félagsgjalda er 1. apríl

# BRÚIN

[www.islandus.net](http://www.islandus.net)

## Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2005-2006

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net  
Þóra Karlsdóttir, ritari, 2694 5105, 021 501 117, fil.ritari@islandus.net  
Inga Birna Antonsdóttir, gjaldkeri, 2671 0929, 021 224 312, fil.gjaldkeri@islandus.net  
Guðbjörg Steinarrsdóttir, meðstjórnandi, 365 163, 091 637 888, gstl@islandus.net  
Elísabet I. Einarisdóttir, meðstjórnandi, 799 508, 021 363 734, elisabete@islandus.net  
Óskar Bragi Sigþórsson, varamaður, 2694 5006, 091 348 737, oskars@islandus.net

## Stjórn Kirkjunefndar 2005-2006

[www.islandus.net/fil/kirkjunefnd.htm](http://www.islandus.net/fil/kirkjunefnd.htm)  
Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545  
María Huesmann, 358 556  
Sólveig Stefánsdóttir, 789 341  
Agnar Sigurvinsson, 435 183  
Sigurður Kristinsson, 787 710

## Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net  
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu  
Íris Þorkeldsdóttir, gjaldkeri, 780 510, spuni.gjaldkeri@islandus.net

## Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir, formaður, 26 945 378  
Ingunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri, 2694 5006

## Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elín Valsdóttir  
Elísabet Sigurðardóttir  
Eva Hrönn Jónsdóttir  
Herdís Þórisdóttir

## Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

## Litlu dálkarnir

### Smáauglýsingar

### Ýmislegt

#### Top Squash - reykingarbann!

Mörgum til ánægju og vonandi fáum til ama hefur verið bannað að reykja í húsnæði Top Squash. Nú er um að gera hefja æfingar, engar reykingar lengur, frábært!  
Top Squash, 25 rue de la Gare, Sandweiler, sími 357 181

#### Kertasníkir sendir kveðjur

Ný vefsíða hefur verið opnuð tileinkuð skógljófum til góðra barna sem vilja fá bréf frá uppáhalds jólasveininum. Kertasníkir hefur opnað heimasíðuna [www.sveinki.is](http://www.sveinki.is) til að utanumhald sé tryggt og sem flest börn fá bréf. Þar skrifar hann einnig fréttapistla undir heitinu Jólasveinatiðindi og leyfir okkur að fylgjast með því sem á daga bræðra hans og Grýlu og Leppalúða drífur fram að jólum.

Lausn gátu á bls. 2

Hungrið.

FÍL félagar, endilega skrifið þessa síðu niður til að kíkja á um næstu jól. Frábært fyrir börnin.

#### Myndlist, vatnslitamyndir

Sigrún H. Rosenberg er með vatnslitamyndir, litlar og stórar til sölu. Upplýsingar í sínum 358 207 og 061 919 161.

#### Sjónvarpsefni um Ísland

Laugardaginn 24. desember 2005 kl. 04:30 á ZDF (30 mín) verður sýnt Reiselust: Island, im Bann der Naturgewalten- Reportage.

Föstudaginn, 30. desember 2005 kl. 11:45 á BR (45 mín) verður sýnt Die Saga vom Islandpferd— Dokumentation, D 2002.

#### LEA LINSTER CUISINÉRE

Íslandsvinurinn og Bocus d'or verðlaunahafi 89, Lea Linster, er nýbúin að gefa út bókina "Best of LEA LINSTER CUISINÉRE."

Bókin er á ensku og hefur að geyma marga bestu rétti hennar. Bókin kostar 40 €, og það þarf að

gefa upp heimilisfang og póstfang til að panta þessa bók hjá Leu Linster. Faxið pöntun ykkar í síma 00-352-23-67-64-47 eða sendið mail á [info@lealinster.lu](mailto:info@lealinster.lu)

#### Jólamyndin í ár

Jólamyndin í ár frá Jangli teiknimyndum heitir "De Rudi mat der rouder Nieschen" og er falleg jólamynd með mörgum skemmtilegum lögum fyrir börn frá tveggja ára aldri.

Í myndinni "Déi frou Kou Josefin" er að finna 11 smásögur fyrir börn til átta ára aldurs og ef mamma og pabbi skilja ekki Luxembourgísku þá er myndin textuð á ensku.

"De Kleesche mat der Mutz" er skemmtileg jólasaga fyrir alla fjölskylduna. Hún er einnig með enskum texta. Þessar myndir og fleiri er hægt að panta í síma 23 660 526 eða á vefsíðunni [www.jangli.com](http://www.jangli.com)

#### Hljóðbók.is

Viljum vísa á vefsíðuna

<http://hljóðbók.is>

Fullt af skemmtilegu efni sem hlusta má á í bílnum eða bara hvar sem er, heima eða að heiman. Hægt er að hlusta á hljóðsýnishorn á vefsíðunni.

Frábærar gjafir til þeirra sem búa erlendis. Hugmyndir til jólagjafa hvar sem er í heiminum.

#### Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

#### Leigubílar í Luxembourg

Vísu á vefslóðina <http://www.nightrider.lu/1,index.de>

#### Luxembourgísku - talmál

Útlendinganefndin í Junglingster er að stofna félagsskap fyrir þá sem áhuga hafa á að læra Luxembourgísku og þá sérstaklega talmál.

Solla tsvarar áhugasömum í síma 789 341.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.